



Spáum óbreyttum stýrivöxtum

Við teljum að peningastefnunefnd Seðlabankans ákveði að halda stýrivöxtum óbreyttum á næsta fundi nefndarinnar, en ákvörðunin verður tilkynnt miðvikudaginn 13. júní n.k. Við teljum mjög ólíklegt að nefndin ákveði lækkun eða hækkun vaxta. Skammt er liðið frá síðustu vaxtaákvörðun og hagtölur sem birst hafa frá síðustu vaxtaákvörðun nefndarinnar 16. maí síðastliðinn eru ólíklegar til að sveigja nefndina til vaxtalækkunar eða vaxtahækkunar. Síðustu fimm ákvarðanir nefndarinnar hafa verið óbreyttir vextir og eru meginvextir Seðlabankans, bundin innlán til 7 daga, nú 4,25%. Í öllum fimm tilfellum voru allir fimm nefndarmenn sammála um að halda vöxtum óbreyttum.



Nýjar hagvaxtartölur ekki líklegar til að kalla á breytingu stýrivaxta í bili

Bráðabirgðatölur um hagvöxt á fyrsta ársfjórðungi birtust í morgun kl. 9. Fyrstu tölur Hagstofunnar voru að hagvöxtur hafi verið 5,4%. Þremur tímum seinna uppfærði Hagstofan fyrstu tölur vegna reikningsskekkju og telur nú að hagvöxtur hafi í raun verið 6,6% á fyrsta ársfjórðungi. Spá Seðlabankans hljóðar upp á 3,3% hagvöxt fyrir árið í heild en spá okkar frá því í maí gerir ráð fyrir 4,1% hagvexti á árinu. Tölur fyrir fyrsta ársfjórðung benda því til þess að krafturinn í hagkerfinu sé talsvert kröftugri en spár gerðu ráð fyrir.

Þessi mikli vöxtur skýrist hins vegar að töluverðu leyti af grunnáhrifum vegna sjómannaverkfallsins í fyrra en vöruútflutningur jókst um 17,5% og skýrir að töluvert miklu leyti mikinn vöxt. Þessi áhrif munu deyja út eftir því sem fleiri fjórðungar bætast við og hagvöxtur mun því að öðru óbreyttu dragast saman. Við teljum að tölurnar muni ekki leiða til þess að nefndin ákveði að nú sé rétti tíminn til að breyta vöxtum.


Verðbólgu líklega ofspáð á öðrum ársfjórðungi

Saga síðustu ársfjórðunga er sú að verðbólga hefur reynst ögn minni en Seðlabankinn hefur spáð. Mjög





líklegt er að síðasta spá Seðlabankans hafi einnig ofmetið verðbólgu nú á öðrum fjórðungi ársins. Það helgast einna helst af máímælingu vísitölu neysluverðs (VNV) sem kom út eftir síðustu Peningamál. VNV lækkaði um 0,1% milli mánaða í maí en Hagfræðideild Landsbankans og greiningardeildir hinna stóru viðskiptabankanna höfðu spáð hækkun. Seðlabankinn gefur ekki út spár fyrir einstaka mánuði heldur spáir fyrir um verðbólgu á ársfjórðungsgrundvelli. Þrátt fyrir það er líklegt að verðbólgutölur í maí hafi komið Seðlabankanum á óvart. Í síðustu Peningamálum í maí spáði Seðlabankinn að verðbólga yrði 2,4% á öðrum fjórðungi ársins. Til að sú spá raungerist þarf vísitala neysluverðs að hækka um 1% nú í júní. Mjög ólíklegt er að verðlag hækki svo mikið. Verðbólgan verður því að öllum líkindum nokkuð minni nú á öðrum ársfjórðungi en Seðlabankinn spáði. Hvort það verði til að sveigja ákvörðun nefndarinnar til minna aðhalds verður þó að teljast ólíklegt.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.